

Morgunblaðið/Ásdís



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri og Eyþór Arnalds, forstjóri Íslandssíma, tóku nýtt leiðsagnakerfi Listasafnsins formlega í notkun.

Sýndar- sýning og GSM- leiðsögn

LISTASAFN Reykjavíkur hefur opnað sýndarferð um Erró-sýninguna á Netinu, en myndirnar voru teknar til sýningar í safninu í sumar. Þá hefur safnið tekið í notkun nýtt leiðsagnakerfi sem er rekið á GSM-kerfi Íslandssíma.

Í sýndarferðinni er hægt að skoða safnið að innan og utan, inngang og sýningarsali í hring sjá. Hægt er að þysja að einstaka myndum, skoða salina hátt og lágt og smella með músarhnappi frá einum sal til annars. Þá er hægt að skoða verk sem er að finna í sýningarsölunum í hring sjá. Verkið er raðað upp með þeim hætti að gestir rekja sig í megindrættum eftir ferli listamannsins frá nýjustu verki hans til þeirra fyrstu.

Fleiri sýndarverkefni í deiglunni

Hugbúnaðarfyrirtækið Landmat hjó til þrívíddarlíkan af safninu og sýndarferðina um Erró-sýninguna, en sýndarferðin er gerð með Flash- og Java-tækni. Þá voru teknar 18 ljósmyndir á stafræna myndavél í hverjum sal og settar saman í hringmynd til þess að hægt væri að skoða þær í 360° hring sjá. Sýndarsýningin er einnig á ensku, þýsku og frönsku.

Sigrún Guðjónsdóttir, framleiðslustjóri hjá Landmati, sagði að verkið hefði tekið tvo mánuði og að stefnt væri að því að vinna fleiri slík verkefni fyrir Listasafn Reykjavíkur, áður hefur Landmat m.a. unnið sýndarferð fyrir Árbæjarsafn og Salinn í Kópavogi. Hún sagði að sýndarferðin yrði áfram á vef Listasafnsins eftir að sýningunni sjálfri lyki.

„Markmiðið er að búa til sýndarsafn yfir sýningar í Listasafni Reykjavíkur sem netnotendur geta skoðað óháð stað og stund.“

Upplýsingar um listamenn í GSM-síma

GSM-leiðsögn Listasafns Reykjavíkur má líkja við „audio-guide“, eða hljóðleiðsögn, sem er algeng víða í söfnum erlendis. Gestir safnsins hringja í ákveðið númer úr farsíma sínum og geta þar hlýtt á kynningu um Erró-sýninguna. Þannig geta þeir fengið upplýsingar um hvernig best sé að fara um sýninguna til að fá heildstæða mynd af þeirri þróun sem orðið hefur á ferli listamannsins. Þá er hægt með ákveðnum skipunum að velja um ellefu fjölbreyttar og fróðlegar umsagnir um verk Errós og ákveðin tímabil í lífi hans. Það eru íslenskir listamenn og listfræðingar sem leggja til texta og rödd og leiða þannig gesta um safnið.

Pétur Pétursson, upplýsinga- og kynningarstjóri Íslandssíma, segir að GSM-leiðsögnin hafi verið þróuð af símkerfasviði Íslandssíma í samvinnu við safnið. Í henni sé talhólfakerfi Íslandssíma notað. Með því er hægt að ráða virkni talhólfanna og gefa notandanum kost á að stjórna ferðinni.

Pétur segir að þetta samspil tækni og listar sé komið til að vera í Listasafni Reykjavíkur og verði þróað áfram með öðrum sýningum bæði hvað varðar framsetningu og tækni. Til að byrja með verður GSM-leiðsögnin gestum safnsins að kostnaðarlausu.

www.listasafnreykjavikur.is

DBT – auglýsingahús hlýtur tilnefningu

DBT – auglýsingahús hefur náð góðum árangri í auglýsingaviðburðum erlendis. Nú síðast komst herferð DBT fyrir Rautt – fyrirframgreidda GSM-þjónustu í úrslit í hinni þekktu samkeppni Young Guns sem haldin er í Sydney Ástralíu. Hátíð þessi er ætluð yngri aðilum sem starfa við auglýsingaiðnaðinn og er hámarksaldur þátttakenda 30 ár. Aðaláherslan er lögð á frumlegar hugmyndir, vönduð vinnubrögð og virkni auglýsingastofum heims tilnefningar í þessa keppni.

Í júní í sumar var 21. Campaign Screen útgáfan gefin út en í henni er VHS-spóla sem inniheldur athyglisverðustu auglýsingar hvers mánaðar.



Úr auglýsingu fyrir Rautt – fyrirframgreidda GSM-þjónustu Íslandssíma.

Í þessari 21. uppfærslu af Campaign Screen var að finna auglýsingu DBT fyrir Rautt – fyrirframgreidda síma-

þjónustu – sem var valin þarna inn sökum frumlegrar nálgunar við markhópinn sem ná átti til. Þetta var í

annað skiptið sem Íslensk auglýsing var valin á þessa spólu.

Auglýsingahúsið DBT byrjaði sem lítið skúffufyrirtæki á skrifstofu tímaritsins Undirtóna fyrir tæplega fjórum árum. Það voru Snorri Barón Jónsson, annar af stofnendum blaðsins og þáverandi framkvæmdastjóri þess, og Siggeir Magnús Hafsteinson sem ákváðu að ríða á vaðið og setja á laggirnar auglýsingastofu sem sérhæfði sig í auglýsingum fyrir markhópinn 12–29 ára. Í árslok 1999 klauf fyrirtækið sig frá Undirtónum og hóf sjálfstæðan rekstur. DBT flutti nýverið inn í skrifstofu á efstu hæð gamla Ríkissjónvarpshússins á Laugavegi 176 og eru starfsmenn fyrirtæksins nú átta talsins.

ekkkert...